

Yfirlýsing kvenna af erlendum uppruna (á íslensku og ensku)

#MEtoo byltingin á Íslandi hefur leitt til þess að fólk hefur opnað augun fyrir kynferðisofbeldi, mismunun og áreiti gagnvart konum. Konur úr ýmsum starfsstéttum hafa stigið fram og deilt frásögnum úr sínu vinnuumhverfi þar sem þær hafa orðið fyrir markvissu niðurbroti og kerfisbundinni misbeitingu valds af hálfu karlmannna. Konur hafa undanfarið staðið upp og krafist þess að samfélagið í heild sinni opni blinda augað sem snúið hefur að þessari stöðu. Kynbundin mismunun leiðir til misnotkunar og áreitis og því þurfa vinnuveitendur að setja sér áætlanir og hrinda í framkvæmd verkferlum sem tryggja jafnræði kynjanna.

Við konur af erlendum uppruna sem búum hér á landi höfum átt erfitt með að finna okkur stað innan #MEtoo byltingarinnar. Fáar af þeim konum sem stigið hafa fram með sínar frásagnir hingað til, tilheyra þeim hópi. En er það vegna þess að við erum hafðar útundan eða kjósum við að standa hjá? Það er mikilvægt að við leitum svara við þeim spurningum og að við þorum að finna svörin við þeim. Það er ekki síður mikilvægt að skilja hvers vegna við þurfum að svara þessum spurningum, nú þegar konur hafa kosið að rjúfa þögnina, standa saman og treysta því að samfélagið leggi við hlustir og bregðist við hinni háværu umræðu með þungu undiröldunni.

Frásagnir kvenna af erlendum uppruna eru ofnar úr fordómum, mismunun, markvissu niðurbroti, vanrækslu, útilokun og misnotkun. Margar okkar hafa upplifað það að hafa verið yfirgefnar og einangraðar af hálfu þeirra sem þær treystu. Með því að sameinast um frásagnir hafa augu okkar hins vegar opnast fyrir því að samfélagið hefur um langa hríð snúið blinda auganu að ýmsu misjöfnu sem átt hefur sér stað gagnvart konum af erlendum uppruna. Framkomu sem hefur leitt til þess að margar okkar upplifa sig ekki öruggar og að mörgum okkar finnst við ekki eiga sama rétt til verndar, aðstöðu og réttinda í íslensku samfélagi.

Hér á eftir fara frásagnir hugrakkra kvenna sem deila með okkur sínum veruleika. Við óskum einskis annars en að þær séu lesnar með virðingu fyrir því sem systur okkar, mæður, dætur og bestu vinkonur hafa upplifað og að hver og einn lesandi spyrji sig hvort hann/hún hefði getað brugðist öðruvísi við. Við óskum þess að við leitum leiða til þess að við sem samfélag getum stutt og styrkt konur af erlendum uppruna. Við óskum þess að hver og einn finni leiðir til að brjóta niður múra þagnar og hræðslu í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum við að skapa öruggan stað í samfélaginu fyrir konur sem þurfa á vernd og styrk að halda.

Það er mikilvægt að setja á dagskrá ástæður fordóma, mismununar og niðurbrots sem konur af erlendum uppruna upplifa á Íslandi. Sumum okkar, sem hafa orðið fórnarlömb heimilisofbeldis, kynferðisofbeldis og jafnvel mansals, er markvisst haldið í viðkvæmri stöðu sem jafnvel er notuð gegn þeim. Gáfaðar, menntaðar, sterkar og fallegar konur flytja hingað til lands ala með sér sömu drauma og vonir og íslenskar konur um bjarta framtíð og velgengni. Þegar þessar konur sjá drauma og vonir verða að engu vegna kerfisbundinna fordóma, vanrækslu og mismununar, er þeim þröngvað í hlutverk fórnarlamb sem oftast en ekki er upp á kvalara sinn komið.

Konur af erlendum uppruna krefjast nú sömu athygli og íslenskar kynsystur þeirra og að samfélagið bregðist við þeirra frásögnum með sama hætti og frásögnum íslenskra kvenna. Fyrirtæki, samtök, íþróttafélög og sveitarfélög setja nú saman aðgerðaáætlanir og verkferla sem útrýma eiga kynferðislegru mismunun, misnotkun og áreiti. Innan þessara áætlana og ferla þarf að vera pláss fyrir konur af erlendum uppruna. Þar þarf að horfa sérstaklega til valdeflingar þessa viðkvæma hóps, sem þarf ekki bara að eiga sína rödd. Sú rödd þarf líka að njóta skilnings og virðingar. Við viljum að

vinnuveitendur tryggi það að við séum upplýstar um réttindi okkar og að verkferlar séu skýrir og boðleiðir greiðar þegar við þurfum að vernda réttindi okkar sjálfra.

Innan heilbrigðiskerfisins, velferðarkerfisins og dómskerfisins þurfa íslensk stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, að tryggja það að konur af erlendum uppruna eigi greiða leið að úrræðum til að vernda viðkvæma stöðu sína. Margar okkar hafa þjáðst í þögn þegar við höfum hvorki haft þekkingu á eða borið traust til þessara þriggja kerfa sem eru uppistaða öryggisnetsins sem hvert heilbriggt samfélag passar að séu aðgengileg fyrir alla þá sem á þurfa að halda. Til að grípa þá sem minnst mega sín. Og til að tryggja að grundvallar mannréttindi séu virt þannig að enginn þurfi að líða fyrir uppruna sinn eða litarhátt, trú sína eða kynhneigð.

Við ætlum ekki lengur að standa hjá í þögn. Við höfum fundið okkur vettvang til að standa saman og teygjum okkur nú til samfélagsins sem við búum í, elskum og vinnum í, til að standa með okkur. #Metoo er #VIÐlíka hreyfing þar sem við stöndum stoltar til að bjóða mismunun og misnotkun byrginn. Konur af erlendum uppruna geta líka látið í sér heyra.

Þær frásagnir sem koma hér á eftir þarf að lesa með gleraugum virðingar, skilnings og varfærni. Þessar hugrökku konur hafa valið að deila þessum sársaukafullu frásögnum undir nafnleysi. Við biðjum um að lesendur nýti þær tilfinningar sem kunna að vakna við lesturinn til að finna leiðir til að bæta stöðu okkar og brúa það bil sem myndast hefur á milli okkar og annarra í samfélaginu.

Áskorun til samfélagsins:

- **Við skorum á samfélagið að viðurkenna að konur af erlendum uppruna hafa mismunandi þarfir sem þarf að mæta á vinnustöðum þeirra, í samfélaginu og af hálfu þeirra sem veita samfélagslega þjónustu.**
- **Við skorum á samfélagið að viðurkenna að konur af erlendum uppruna eru viðkvæmur hópur sem er útsettur fyrir kerfisbundinni mismunun, ofbeldi og niðurbroti.**
- **Við skorum á samfélagið að innan allra áætlana og ferla sem snúast um að útrýma kynbundinni mismunun, áreiti og ofbeldi sé gert ráð fyrir valdeflingu kvenna af erlendum uppruna.**
- **Við skorum á stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að tryggja eftirlit og vernd kvenna af erlendum uppruna.**
- **Við skorum á stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að tryggja öruggar boðleiðir og farvegi til að réttindi kvenna af erlendum uppruna séu virt.**
- **Við undirritum þessa beiðni í þeirri von að þátttaka okkar í #MEtoo byltingunni styrki bönd milli allra þegna samfélagsins og styrki baráttuna gegn kynbundinni mismunun, áreiti og ofbeldi í samfélaginu. Með því leggjum við okkar lóð á vogarskálar þess að búa til betra og öruggara samfélag fyrir okkur öll.**

The #MEtoo movement here in Iceland has opened many an eye to sexual abuse, discrimination and harassment against women. Women from various career fields have stepped up and shared stories from within their places of work. Stories which are laced with degradation and the systematic abuse of male power. Women have stood up and demanded that society no longer turn a blind eye, work places need to put into action plans and systems to promote genuine equality and eradicate the very root of the problem that is sexual discrimination leading to abuse and harassment.

We women of foreign origin residing in Iceland have had a difficult time finding our place within the #MEtoo movement. It must be noticed that in previously released stories and petitions there is a lack of women of foreign origin. Were we left behind or did we choose not to partake? Both questions are

very valid and important for us to dare and ask ourselves. More importantly the fact that we should have to ask these questions need be understood. We have decided to break our silence, stand together in solidarity and trust that the society within which we reside will take notice and take action on our behalf.

Our stories are laced with prejudice, discrimination, systematic degradation, seclusion, manipulation and abuse of the worst kind. Many of us have experienced extreme abandonment and isolation at the hands of the very people who are responsible for protecting and empowering us. Through sharing our stories we have learned that society has looked the other way far too long, and in doing so has created a space where far too many of us do not feel safe or even that we have rights to the same protections and amenities as our Icelandic sisters.

In the following pages some very brave women have shared with us their stories. We ask only that you read these stories with respect for that which our sisters, mothers, daughters and best friends have survived. We ask that anyone reading this look within and ask yourself what could I have done differently? How can I support and empower women of foreign origin in my place of work? What can I, from my position of power do to help break down the walls of silence and fear in order to help create a safe place for every woman in need within my community?

It is very important that we address firstly the very root of prejudice, neglect, discrimination and degradation which women of foreign origin experience in Iceland. Women whom have become victims of domestic violence, sexual abuse and even human trafficking are held in a certain position in society where their vulnerable status is manipulated and used against them. Women who are intelligent, well educated, beautiful and strong move here with the same dreams and hopes as any woman born of Icelandic blood. When those dreams are shattered through systematic prejudice, degradation and discrimination many women are forced into a space where they become victims dependent upon their abusers.

We demand that action be taken on our behalf. Many businesses, unions, athletic clubs and even municipalities are putting forth plans of action in order to wipe out sexual discrimination, abuse and harassment. We demand that within these plans of action there be specific allowances for women of foreign origin. The allowances must include empowerment schemes where we too have a voice which is not only heard but respected. We demand that within workplaces we are taught our rights and proper resources are provided in order for us to appeal and report when we understand our rights have been abused or broken.

We also demand that within the healthcare, welfare and justice systems the Icelandic government and all local municipalities also design plans of action and develop an appeal system accessible to us, with respect to our vulnerable status. Many women have suffered in silence simply due to the fact that they either have no knowledge or trust for these three very important social systems designed to serve and protect every person regardless of nationality, skin color, religion or sexual preference.

We will no longer remain silent, we have found our platform of solidarity and look now to the very society in which we live, love and work to stand with us. #MEtoo is now a movement where #Wetoo stand loudly and proudly to say no more discrimination and abuse. We are women of foreign origin residing in Iceland hear us roar.....

The following stories must be read with caution, respect and understanding. Remember these brave women who have chosen to share with you their pain and degradation have asked to be left anonymous. Please learn from what you read and use the feelings you experience to help improve our situations and bridge that gap which exists in our society.

This is our proclamation to our fellow countrymen here in our home away from home, Iceland. We sign this proclamation in hope that our participation in the #MEtoo movement will only strengthen bonds between all citizens and strengthen the fight to eradicate sexual discrimination, harassment and violence within our society. Help us to create a safe place in every community....

Challenge to society:

- 1. Admission that women of foreign origin have diverse needs which must be met in the work place, society and by social service providers.**
- 2. Admission that women of foreign origin are vulnerable and susceptible to systematic degradation, sexual harassment and violence.**
- 3. Every plan of action to eradicate gender based discrimination, harassment, and abuse must have distinct empowerment and appeal schemes for women of foreign origin.**
- 4. Government organizations at federal and local levels must find a way to ensure oversight and protection in eradicating discrimination against women of foreign origin.**
- 5. Government organizations at federal and local levels must insure that women of foreign origin have ready access their rights and to measures to both charge and appeal if their rights have been broken.**
- 6. We strive together to create an inclusive “safe place” for victims in every community.**

Í facebook grúpinu eru 660 konur af erlendum uppruna annað hvort fyrstu eða önnur kynsloð

Undirskriftum 95 samtals:

1. Nichole Leigh Mosty, bandarísk/íslensk, Kennari og verkefnastjóri
2. Barbara Bruns Kristvinsson, bandarísk/íslensk, Verkefnastjóri
3. Edythe L. Mangindin, bandarísk/íslensk, Hjúkrunarfræðingur/ljósstöðunemi, verkefnastjóri, stjórnarkona í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
4. Jasmina Crnac, bosnísk/íslensk, Stjórn málafræðinemi, fulltrúi i velferðaráði Reykjanesbæjar
5. Angeliqve Kelley, bandarísk, Formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
6. Leana Clothier, bandarísk, Nemi í íslensku sem annað mál
7. Branka Aleksandarsdóttir, serbnesk/íslensk, Hagfræðingur, sjúkraliði, félagsliði, öryrki
8. Achie Afrikana, kenísk/íslensk, Nemi í alþjóðasamskiptum
9. Josephine Wanjiru Wawira, kenísk/íslensk, Kokkur
10. Jelena Ciric, serbnesk/kanadísk, Tonlistar- og blaðakona
11. Azra Crnac, bosnísk/íslensk, Nemi
12. Ania Wozniczka, pólsk/íslensk, Doktorsnemi
13. Jenna Gottlieb, bandarísk, Blaðakona
14. Katrín Níelsdóttir, kanadísk, Skjalavörður
15. Tatjana Latinovic, Formaður innflytjendaráðs, deildarstjóri, þýðandi
16. Fida Abu Libdeh, palestínsk/íslensk, Tæknifræðingur, MBA, frumkvöðull
17. Lily Fisher, bandarísk, Verkefnastjóri
18. Sarah Dearne, áströlsk, Textahöfundur og nemi
19. Vita, indonesísk, Móðir
20. Laura Cervera, mexikósk/íslensk, Kennari og túlkur, stjórnarkona í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
21. Natalie Colceriu, bandarísk/íslensk, Bókasafnsfræðingur

22. Ruth Adjaho Samúelsson, ganísk, Starfskona Landspítalans
23. Nilmini T. Salgado, srílandísk, Starfskona Landspítalans
24. Patience Afrah Antwi, Ritari, Teva
25. Karoline Boguslawska, pólsk/íslensk, Listfræðingur/fararstjóri
26. Virginia Gillard, bresk/áströlsk, Leikkona, leiklistarkennari, trúður og rithöfundur
27. Dagmar Trodler, þýsk, Rithöfundur, hjúkrunarfræðingur, umönnun fatlaðra
28. Alexandra Martini, Venezuelan/Italian, Listakona, hönnuður
29. Maureen McLaughlin, írsk Skolaliði
30. Patricia Albuquerque, brasílisk/íslensk, Kennari og hótél stjórnandi
31. Lydia Holt, bandarísk, Rithöfundur
32. Katia Arena, áströlsk/ítölsk, Klíniskur sálfræðingur, rithöfundur/ritstjóri
33. Shruthi Basappa, indversk, Arkitekt
34. Paula Gould, bandarísk, Markaðs- og fjárfestingastjóri
35. Ah Leum Kwon, suðurkóresk, Nemi
36. Nina Kaggwa, úgandísk/íslensk, Markþjálfari
37. Kathrin Lisa van der Linde, hollensk/þýsk, Doktorsnemi
38. Elizabeth Lay, bandarísk/íslensk, Uppeldisfræðingur
39. Susan Gollifer, ensk/gvæjönsk, Mannréttindakennari
40. Sante Feaster, bandarísk, Samskipti og rannsóknir
41. Randi W. Stebbins, bandarísk, Kennari
42. Kristbjörg Eva Andersen Ramos, ekvadorsk, Stjórn málafræðinemi
43. Amal Tamimi, palestínsk/íslensk, Félagsfræðingur
44. Feriane Amrouni, alsírsk, Kennari
45. Naila Zahin Ana, Bangladesh, Rithöfundur
46. Louise Harris, bresk, Listakona, kennari
47. Wiola Anna Ujazdowska, pólsk, Listakona
48. Maricris Castillo de Luna, filípeysk, Kennari
49. Yara Polana, mósambísk, Hönnuður/forritari
50. Grace Achieng, kenísk, Kennari
51. Juliet Newson, nýsjálensk, Jarðfræðingur og jarðvarmaverkfræðingur
52. Marika Sochorová, slóvakísk/íslensk, Skurðhjúkrunarfræðingur
53. Syanam Syanam Syanam, Sölufulltrúi
54. Candice Michelle Goddard, suðurafrísk, Þjónustufulltrúi
55. Martina William, jamaísk, Leikskólaliði
56. Emily Ward, bandarísk/íslensk, Nemi
57. Morna Manekeller, skosk, Móðir, blómahönnuður
58. Jo Van Schalkwyk, suðurafrísk, Textahöfundur og verkefnastjóri
59. June Scholtz, suður-afrísk/íslensk, Fiskverkakona
60. Fanný Goupil-Thiercelin, frönsk/íslensk, Þjónustustarf
61. Amy Lee, ensk/áströlsk, Leikskólakennari
62. Joanne Kearney, írsk, Tónlistarkona/nemi/kokkur
63. Dorota Joanna Kapanke, pólsk/íslensk, Sölukona
64. Patience A. Karlsson, ganísk, entrepenure, education and healthcare
65. Joanna Ewa Dominiczak, pólsk, kennari
66. Laura Valentino, bandarísk/íslensk, Listakona og viðmótshönnuður
67. Andrea Ellen Jones, bandarísk/íslensk, Silfursmiður og fyrirtækjaeigandi
68. Brynja Elisabeth Halldórsdóttir Guðjónsson, bandarísk/íslensk, Lektor Háskóla Íslands
69. Sabine Leskopf, þýsk/íslensk, Varaborgarfulltrúi

70. Verity Louise Sharp, bresk, Verkefnastjóri
71. Saadet Özdemir Hilmarsson , tyrknesk/íslensk, Leikskólakennari, starfskona ATVR
72. Joanna Marcinkowska, pólsk/íslensk, Verkefnastjóri
73. Heather Millard, bresk, Kvikmyndaframleiðandi
74. Elena Vladimirovna Zaytseva, rúsnesk/íslensk, Grunnskólakennari starfar í dag á leikskólanum
75. Shelag Smith, suður-afrísk, hofuðbeina-og spjaldhryggsjafnari/nuddari/textasmiður
76. Ellen Hong Van Truong, víetnömsk/íslensk, MA-nemi í félagsráðgjöf
77. Telma Velez, pórtugalsk/íslensk, Leikskólakennari/MA. nemi alþjóðlegsamskipti
78. Sara Elísabet Höskuldsdóttir, bandarísk/íslensk, kennaranemi
79. Jessica Villarreal Karren, mexikósk, Viðskiptafræðingur
80. Silvia Zingara, pórtugalsk,"small business owner-keep it clean"
81. Gloria Zarela Castro Conde, perúsk/íslensk, Háskólanemi HÍ
82. Claudia Ashonie Wilson, jamaísk/íslensk, lögmaður
83. Marion Poilvez,frönsk, doktorsnemi HÍ
84. Ana Isorena Atlason, filipeysk/íslenskt, leikskólakennari
85. Zitha Ngulube, zimbwean/icelandic, Stundent HÍ & Head of houskeeping
86. Katla Einars, bandarísk/íslensk, förðunarfræðingur og stílisti
87. Sangeet Kaur, Singapore, Asst. nurse Landspítali
88. Anna María Milosz, pólsk/íslensk, túlkur/þýðandi/bókari
89. Amanda Jo Wood, bandarísk, tourist shop
90. Marvi Ablaza Gil, fillipeysk, hjúkrunarfræðingur
91. Olivia Dawson, bresk, Verkefnastjóri
92. Yerzhana Akhmetzhanova, íslensk ríkisborgari, skrifstofustjóri
93. Deepa Iyengar, bandarísk, B.A. student linguistics, HÍ
94. Lingdi Shao, kínversk, Freelance translator and proofreader
95. Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, fillipeysk/íslensk, menntunarfræðingur